

54. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 24. maí 2012, kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Ævar Rafn Marinósson, Hilma Steinarsdóttir og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Sigurður gerði eftirfarandi athugasemd:

Athugasemd vegna fundarboðs.

Undanfarið ár hef ég ítrekað gert athugasemdir við fundarstaðsetningu því ég tel ekki boðlegt að halda fundi í þröngri kaffistofu sem rúmar varla sveitarstjórnarmenn hvað þá áheyrendur. Ég geri þá kröfu að geta haft bæði fundargögn og fartölvu mér til handargagns.

Því legg ég til að reglulegir fundir sveitarstjórnar verði haldnir í Þórsveri.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 10.05.2012.

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 11.05.2012.

- Liður 1- Lóðarumsókn.
Samþykkt samhljóða.
- Liður 3 - Fjarlægja Vegamót.
Samþykkt samhljóða.
- Sveitarstjóra falið að vinna í liðum 4 og 5 ásamt forstöðumanni áhaldahús.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 16.05.2012.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 18.05.2012.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 21.05.2012.

Í lið 1 mælir fræðslunefndin með ráðningu Ingveldar Eiríksdóttur í stöðu skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Samþykkt samhljóða.

Í lið 2 leggur fræðslunefnd til að staða deildarstjóra sérkennslu við Grunnskólann á Þórshöfn verði lögð niður.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6. Fundargerð Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, dags. 17.04.2012.

Lögð fram til kynningar.

7. Aðalfundur Menningarmiðstöðvar Pingeyinga, dags. 24.04.2012.

Lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.04.2012.

Lögð fram til kynningar.

9. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðaurlands eystra, dags. 12.04.2012.

Lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð Eyþings, dags. 15.03.2012.

Lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð Eyþings, dags. 16.03.2012.

Lögð fram til kynningar.

12. Fundargerð Eyþings, dags. 03.02.2012.

Lögð fram til kynningar.

13. Fundargerð Fossorku, dags. 14.05.2012.

Í fundargerðinni leggur Sparisjóður Þórshafnar til að félagið verði lagt niður.

Samþykkt samhljóða að fá afstöðu Svalbarðshrepps til málsins áður en sveitarstjórn tekur aðstöðu í málinu.

14. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum:

- Sveitarstjóri sagði frá að nefnd sem hann skipaði vegna nýs leikskóla fundaði í gær ásamt Halldóri Jóhannssyni skipulagsráðgjafa og Gauki Hjartarsyni byggingarfulltrúa og hafi farið fram góð umræða.
- Sveitarstjóri sagði frá því að í gær hafi verið opið hús vegna aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027 og voru Halldór Jóhannsson skipulagsráðgjafi og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi viðstaddir til að svara spurningum.
- Sveitarstjóri sagði frá því að í dag hefði verið opnuð tilboð hjá Siglingarstofnun í varnargarð við Bakkavegin og er verið að fara yfir þau af Siglingarstofnun.
- Sigurður Ragnar óskaði eftir eftirfarandi bókun yrði svarað:
„Því var kauptilboð Lukasar Tarasiewicz í Pálmholt 9 ekki lagt fyrir húsnæðisnefnd? Því var íbúðin síðan seld öðrum án nokkurar formlegrar afgreiðslu þar til bærra aðila (húsnæðisnefnd og sveitarstjórn) á tilboði Lucasar?
Telur sveitarstjóri þennan gjörning löglegan?
Ég óska eftir skriflegum svörum sveitarstjóra á næsta fundi.“

15. Bréf frá Vegagerðinni, dags. 04.05.2012.

Lagt fram til kynningar.

16. Tvö tilboð í sturtuvagn og gáma.

– Frá Reimari Sigurjónssyni - kr. 50.000

- Frá BJ Vinnuvélum - kr. 600.000, án vsk.
Samþykkt að taka tilboði BJ Vinnuvéla.

17. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Langanesbyggðar.

Lagt er til að sveitarstjórn skipi starfshóp sem fái það hlutverk að endurskoða samþykktirnar og jafnframt að uppfæra erindisbréf nefnda þar sem þörf er á. Hópurinn leggi drög að erindisbréfum nefnda fyrir sveitarstjórnarfund í október og tillögu að nýjum samþykktum fyrir desemberfund. Lagt er til að Steinunn, Reimar og Ævar verði tilnefnd og nýr skrifstofustjóri kalli þau saman og stýri verkinu. Ætlast er til að hópurinn starfi í samráði við nefndirnar.
Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri greindi frá því að innanríkisráðuneytið væri að vinna að drögum að nýjum samþykktum í samræmi við ný sveitarstjórnarlög sem sveitarfélögin geta síðan gert að sínum. Sveitarstjóri kynnti eftirfarandi erindisbréf, sem eru aðgengileg á heimasíðu Langanesbyggðar:

- Atvinnumálanefnd (síðan 2007)
- Fræðslu- og menningarnefnd (síðan 2007)
- Íþrótt- og tómstundanefnd (síðan 2007)
- Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd (síðan 2007)
- Landbúnaðarnefnd (síðan 2008)
- Í vinnslu eru drög fyrir hafnarnefnd (fór fyrir hafnarnefnd í sept. 2010). Unnið er eftir hafnarlögum, V. kafla, 13 gr.
- Íþrótt- og tómstundanefnd er búin að marka sér starfsreglur (samþykkt í sveitarstjórn sept. 2011)

18. Útsending sveitarstjórnarfunda.

Sigurður leggur til að sveitarfélagið kaupi búnað til að senda sveitarstjórnarfundi út á netinu og hafa þá aðgengilega fyrir íbúa eftirá, t.d. selur Nepal hugbúnaður ehf. kerfi sem heitir Emission og er talsvert notað í skólum við að halda utan um fyrirlestra og annað myndrænt námsefni á vefnum. Tvö sveitarfélög, Fjarðabyggð og Fljótshálfshérað, nota þetta kerfi í dag og ég hvet ykkur til að kíkja á heimasíður þar og sjá hvernig þetta virkar. Áætlaður stofnkostnaður er 150.000 kr. sem liggur í tölvu, vefmyndavél og USB hljóðnemum og síðan árleg leiga fyrir hugbúnaðinn.

Að mínu mati er mesti kosturinn við þennan hugbúnað sá að íbúar geta skoðað upptökur af fundum hvenær sem þeim hentar og eftir einstaka dagskrárliðum en upptaka og varðveisla sveitarstjórnarfunda gæti leitt til vandaðri og upplýstari umræðu um sveitarstjórnarmál bæði innan sveitarstjórnar og í samfélaginu.

Góð umræða fór um málið sveitarstjóra falið að kanna kostnað fyrir næsta fund.

19. Grunnskólinn á Þórshöfn - úttekt og umbótaáætlun.

Sigurður óskar eftir að sveitarstjóri og oddviti svari eftirfarandi spurningum:
Hvers vegna var úttektin ásamt meðfylgjandi bréfi frá menntamálaráðuneyti, dags.13.01.2012 ekki lögð fyrir sveitarstjórn eins og lög gera ráð fyrir?

Sveitarstjóri og oddviti munu svara þessu fyrir næsta fund

Tillaga:

Ég legg til að gefnu tilefni þá beini sveitarstjórn þeim tilmælum til sveitarstjóra og oddvita að erindi stíluð á Langanesbyggð verði tafarlaust lögð fyrir sveitarstjórnarfundum eftirleiðis.
Samþykkt samhljóða.

Greinargerð.

Ég spurðist fyrir á sveitarskrifstofu í janúar hvenær úttektin yrði tekin fyrir í sveitarstjórn, því ég vildi koma á framfæri leiðréttingum á innihaldi hennar, fékk þau svör að fræðslunefnd ætlaði sér að fara yfir og láta leiðrétta það sem betur mætti fara og síðan yrði úttektin lögð fram til umræðu.

Það hefur ekki skeð enn en til samanburðar vil ég nefna að í sömu viku og mbl.is fjallaði um „lögbrotn“ í okkar skóla var þar klausa um úttekt ráðuneytis á grunnskóla Grindavíkur sem var að vísu í sömu málum varðandi skólanámsskrá og hér en í þeirri skýrslu var ekki talað um lögprot heldur að skólanámsskrá hefði ekki verið til sem heildstætt rit til margra ára! Mér finnst fróðlegt að skoða á vef Grindavíkurbæjar málsmeðferðina þar, erindi ráðuneytis með úttekt er lagt fyrir bæjarráð sem vísar því til umsagnar fræðslunefndar, fræðslunefndin gerir tillögu til bæjarráðs um að skipa starfshóp 5-7 fulltrúa hagsmunaaðila skólasamfélagsins til að vinna að tímasettri áætlun um úrbætur.

Bæjarráð tilnefndi í starfshópi fulltrúa skólaskrifstofu, fræðslunefndar, stjórnenda, foreldra, kennara ásamt bæjarstjóra og einum bæjarfulltrúa.

Í mínum huga er enginn vafi á að hefði málið verið lagt fyrir sveitarstjórn í janúar þegar skýrslan barst þá hefði verið unnt að fara fram á leiðréttingar á innihaldi hennar sem hefði væntanlega bæði komið í veg fyrir neikvæða og beinlínis ranga fjölmiðlaumfjöllun nú í apríl og gert að verkum að við hefðum ábyggilegri gögn í höndum til að vinna umbótaáætlun út frá. Ég vek athygli á að fyrrverandi skólastjóri sem hefur yfir 20 ára starfsreynslu við skólann var einskis spurð um þær ávirðingar sem komu fram á hendur henni og forvera hennar í úttektinni, sjálfur var ég hvergi kallaður til viðtals sem sveitarstjórnarmaður þrátt fyrir 14 ára setu í sveitarstjórn.

Hvers vegna lét fræðslunefnd ekki leiðrétta helstu staðreyndavillur og bæta í upplýsingum sem vantaði þegar fyrstu drög skýrslunnar lágu fyrir?

Tillaga:

Ég legg til að sveitarstjórn hlutist til um að skýrslan verði leiðrétt eða úttektin endurtekin miðað við fyrirbyggjandi staðreyndir sjá meðfylgjandi greinargerð.

Tillagan feld með 4 atkvæðum.

Bent er á að þeir sem hafa athugasemdir við skýrsluna geta haft samband við höfunda hennar eða menntamálaráðuneytið

Greinargerð.

T.d. er rangt að skólanámsskrá sé síðan 2002-3 og hafi ekki verið notuð, í fundargerðum fræðslunefndar er greint frá staðfestingu nýrrar skólanámsskrár í október 2004, sama námsskrá var endurnýjuð árlega til 2008, hún bar nafnið Fontur og var dreift á öll heimili nemenda skólans, notuð til fjölda ára í skólanum og á mörgum heimilum.

Hvergi er getið úttektar á skólamáli í Langanesbyggð sem þáverandi sveitarstjórn fékk skólaþróunarsvið kennaradeildar HA til að vinna í upphafi árs 2007 og var megintilgangur

Þeirrar skýrslu samkvæmt inngangi hennar að „setja fram tillögur um fyrirkomulag skólahalds í Langanesbyggð er lagt gæti grunn að skólastefnu sveitarfélagsins“.

Það var meðvituð ákvörðun síðustu fræðslunefndar að beina því til þáverandi skólastjóra að láta vera að skipa í skólaráð eins og skylt var samkvæmt nýjum grunnskólalögum sem tóku gildi 2008, því að í fámennu sveitarfélagi eins og okkar eru verkefni skólanefndar og skólaráðs nokkurn vegin þau sömu og ekki auðvelt að manna 9 manna skólaráð með áhugasömu fólki samhliða 5 manna fræðslunefnd, ásamt stjórn foreldrafélags grunnskóla að viðbætti stjórn foreldrafélags leikskóla.

Fjöldmörg önnur atriði í skýrslunni varðandi starfsemi skólans síðustu ár eru alröng og er skýringa mögulega að leita í að við upphaf þessa skólaárs 2010-2011 voru níu af tólf kennurum við skólann nýir, allir skólaliðar voru nýir ásamt tveim af þrem stuðningsfulltrúum. Það vekur sérstaklega athygli mína að kennsluráðgjafi hjá skólaþjónustunni fullyrðir að skólanámsskrá frá 2002-3 hafi ekki verið notuð í skólanum og því í raun ekki unnið skv. neinni skólanámsskrá!

Ég vil koma því hér á framfæri að eftir að úttektin birtist á mjög svo neikvæðan hátt í fjölmiðlum þá hafði ég samband við menntamálaráðuneytið og ræddi við deildarstjóra sem hefur með úttektir sem þessa að gera. Okkur kom saman um að ég ásamt fleiri sem þekktu til sögu skólans myndu senda skriflegar athugasemdir við það sem betur mætti fara.

Sigurður og Hilma leggja fram eftirfarandi bókun um umbótaráætlun.

Sú áætlun sem var send inn í ráðuneyti var unnin án vitundar og umboðs sveitarstjórnar og af þröngum hópi, kennarar og foreldrar áttu ekki aðkomu að því starfi. Áætlunin byggir líka á töluvert röngum forsendum en ég tel fjölmargt í henni til bóta svo sem skólaþróunarverkefni og er síður en svo að gera lítið úr því ágæta starfi sem hlutaðeigandi unnu við gerð hennar. Það er hins vegar krafa mín að þegar sveitarfélagið er sakað um lögbrot, þá sé örugglega unnið löglega og faglega að málum í kjölfarið en því miður sýnist mér augljóst að svo er ekki.

20. Starfsmannamál

Sigurður leggur til að þessi liður verði feldur niður þar sem forsendur haf breyst.

21. Bréf vegna Hallgilsstaða I

Í bréfinu óska Hafsteinn Hjálmarsson og Ann-Charlotte Fernholm eftir að fá að leigja Hallgilsstaði I. Sveitarstjóra falið að tala við núverandi ábúanda um framtíð jarðarinnar af því loknu verður tekin afstaða til málsins.

22. Bréf vegna samstarfsverkefnis frá Þekkingarsetri Þingeyinga.

Hugmyndin er að sækja um fjármagn til uppbyggingar/þróunar þekkingar- og þjónustukjarna á nokkrum stöðum í Þingeyjarsýslum í svonefnda IPA-sjóði Evrópusambandsins. Ef svo færi að fjármagn fengist til verkefnisins þá er líklegt að það myndi þurfa að fara í gegnum sveitarfélögin, eða a.m.k. með skýrri þátttöku þeirra. Ekki er á þessu stigi nein skuldbinding um mótframlög eða fjárveitingar að hálfu sveitarfélaganna, en ljóst er að ef fæst fjármagn mun þurfa að einhverja fjármögnun úr heimahéraði á móti styrknum. Komi til þess verður sveitarfélögunum að sjálfsögðu gert viðvart sérstaklega.

Samþykkt samþykkt með fyrirvara um fjármögnun.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:30